

## Ráðherranefndartillaga til Norðurlandaráðs um nýja áætlun fyrir framkvæmd Dagskrár 2030

### 1. Samantekt

Hér er á ferðinni ráðherranefndartillaga norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) til þings Norðurlandaráðs 2017 um nýja áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030 á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin á einnig að framfylgja núgildandi áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun, „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“. Yfirskrift áætlunarinnar er „2030-kynslóðin – norræn áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030“ og heildarfrjáveiting til hennar mun væntanlega nema um 12,9 milljónum DKK á gildistíma áætlunarinnar 2017–2020 (fjárlagaliður 1-0460, Sjálfbær þróun).

### 2. Bakgrunnur

Öll Norðurlöndin hafa skuldbundið sig til að framfylgja Dagskrá 2030 og hinum 17 heimsmarkmiðum hennar sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu í september 2015. Í mars 2016 fólu samstarfsráðherrarnir Norrænu ráðherranefndinni að semja tillögu um norræna áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030 á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Tillagan byggir á kortlagningu, *Sustainable Development Action – the Nordic Way*<sup>1</sup>, sem Gaia Consulting Ltd og Stockholm Environment Institute unnu á árinu 2016 að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar vann áfram að tillögu um áætlun í samráði við norrænan sérfræðingahóp um sjálfbæra þróun (ráðgjafarhóp norrænu samstarfsnefndarinnar / samstarfsráðherranna) sem skipaður er fulltrúum frá löndunum. Á vordögum 2017 fór fram umsagnarferli hjá öllum ráðherranefndum Norrænu ráðherranefndarinnar, í Norðurlandaráði og meðal fulltrúa borgarasamfélagsins á Norðurlöndum. Í endanlegri útgáfu tillögunnar var tekið mið af umsögnunum. Þann 5. september 2017 samþykktu samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) tillöguna um áætlunina „2030-kynslóðin – norræn áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030“. Áætlunin er nú lögð fram sem ráðherranefndartillaga til Norðurlandaráðs.

Áætlunin „2030-kynslóðin“ er þáttur í framkvæmd Dagskrár 2030, og einnig áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun, „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“ (2013).<sup>2</sup> Áætlunin er hugsuð sem hlekkur milli norrænu áætlunarinnar um sjálfbæra þróun og Dagskrár 2030 þar sem starfið að Dagskrá 2030 stuðlar beinlínis að framkvæmd áætlunarinnar um sjálfbæra þróun og gagnkvæmt.

<sup>1</sup> [Sustainable Development Action – The Nordic Way \(2017\)](#)

<sup>2</sup> [Norræn áætlun um sjálfbæra þróun „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“.](#)



Eitt helsta metnaðarmál áætlunarinnar er að Norræna ráðherranefndin í heild sinni vinni að því að hrinda Dagskrá 2030 og öllum 17 heimsmarkmiðum í framkvæmd. Þó er lagt til að innan ramma áætlunarinnar skuli Norræna ráðherranefndin sem stofnun einkum beina sjónum að þeim sviðum þar sem Norðurlöndin þurfa að gera mun betur. Því er lagt til að áætlunin fjalli sérstaklega um „Sjálfbæra neyslu og framleiðslu“. Í kortlagningar- og umsagnaferlinu var bent á að um væri að ræða stórt sameiginlegt viðfangsefni Norðurlanda sem spanni jafnframt fleiri heimsmarkmið. Norræna ráðherranefndin er einnig vel í stakk búin til að vinna efnislega að þessum málum.

### 3. Tillaga

Samstarfsráðherrarnir leggja fram ráðherranefndartillögu á þingi Norðurlandaráðs 2017 um norræna samstarfsáætlun um framkvæmd Dagskrár 2030 á tímabilinu 2017–2020. Tillöguna um áætlunina er að finna í heild sinni í fylgiskjali 1.

Tilgangur áætlunarinnar „2030-kynslóðin“ er að:

- ) efla og byggja áfram á framkvæmd Dagskrár 2030 innan Norrænu ráðherranefndarinnar í heild sinni og greiða fyrir norrænu samstarfi um sjálfbæra þróun;
- ) beina sjónum að málum sem huga þarf sérstaklega að á Norðurlöndum þegar heimsmarkmiðunum er framfylgt;
- ) tilgreina hvernig hægt er að skiptast á þekkingu og reynslu af sjálfbærri þróun, vekja áhuga viðeigandi markhópa á starfinu og taka þátt í pólitískri umræðu um framkvæmd Dagskrár 2030 á Norðurlöndum;
- ) skapa ríkisstjórnnum landanna tækifæri til að skiptast á þekkingu og reynslu af aðferðum í öllu starfi að Dagskrá 2030, þvert á stefnur og ráðuneyti;
- ) taka þátt í alþjóðlegu samráði út frá reynslu Norðurlandanna af framkvæmd Dagskrár 2030.

Markmiðið eða tilgangurinn með áætluninni er ekki að samhæfa framkvæmdina í löndunum heldur að stuðla að framkvæmd Dagskrár 2030 á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin tekur heldur ekki til þróunarsamstarfs enda er sá málaflokkur ekki í verkahring Norrænu ráðherranefndarinnar.

### 4. Mat á áhrifum á börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Börn og ungmenni eru mikilvægur markhópur áætlunarinnar enda snýst starfið að Dagskrá 2030 og sjálfbærri þróun almennt um að sinna þörfum nútímans án þess að það komi niður á möguleikum komandi kynslóða til að sinna sínum þörfum. Litið er á börn og ungmenni sem markhóp en einnig mikilvæga gerendur sem virkja þarf innan ramma áætlunarinnar og í starfi að Dagskrá 2030 á Norðurlöndum. Þetta endurspeglast í yfirskrift áætlunarinnar „2030-kynslóðin“.

Jafnréttissjónarmið eru rauður þráður í áætluninni og kemur það fram í aðgerðum og markmiðum áætlunarinnar. Starfið að 5. heimsmarkmiðinu (jafnrétti) er einnig



tilgreint sem mikilvægur þáttur. Út frá markmiðum og aðgerðum áætlunarinnar er gert ráð fyrir að hún muni að jafnaði taka tillit til stelpna og stráka, kvenna og karla í öllum aðgerðum, í þeim tilgangi að auka jafnrétti á öllum sviðum.

## 5. Samstarfið/skipulag

Áætlunin er undir stjórn norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) og norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK). Einnig ber að tengja mál sem varða áherslusvið áætlunarinnar við aðrar ráðherranefndir eftir því sem við á.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hefur umsjón með áætluninni. Fela má utanaðkomandi stofnun umsýslu einstakra verkefna áætlunarinnar.

Norræni sérfræðingahópurinn um sjálfbæra þróun er stýrihópur áætlunarinnar. Hann mótar tillögur um aðgerðir og sendir til umfjöllunar og afgreiðslu hjá samstarfsnefndinni / samstarfsráðherrunum. Sérfræðingahópurinn fundar einu sinni eða tvisvar á ári þar sem hann ræðir undirbúning komandi starfsárs og hugsanlegar tillögur til ráðherranefndarinnar um eftirfylgni áætlunarinnar.

Samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að gildistími áætlunarinnar sé 2017–2020. Þar eð Dagskrá 2030 nær til ársins 2030 er stefnt að því að áætlunin leggi grunn að áframhaldandi starfi, einnig eftir að gildistíma lýkur og að hægt verði að framlengja eða endurnýja áætlunina eftir að starfið hefur verið metið.

## 6. Fjárhagsáætlun/áhrif á fjárhag og mannaúð

Samstarfsráðherrarnir tóku þá grundvallarákvörðun að verja meginhluta fjárveitingarinnar til sjálfbærrar þróunar (heildarramminn nemur um þremur milljónum DKK á ári) til áætlunarinnar á þeim gildistíma sem lagður er til, þ.e. 2017–2020. Ef grunnfjárveiting samstarfsráðherranna til áætlunarinnar á árinu 2016 er tekin með, er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting til áætlunarinnar muni nema um 12,9 milljónum DKK fram til ársloka 2020.

Féð er sótt í fjárlagalið 1-0460 (Sjálfbær þróun) og því er ekki um að ræða nýjan fjárlagalið hjá Norrænu ráðherranefndinni. Á undanförunum árum hefur féð aðallega farið í að fjármagna þverlæg samstarfsverkefni tveggja eða fleiri ráðherranefnda í þeim tilgangi að stuðla að innleiðingu norrænu áætlunarinnar um sjálfbæra þróun.

Áætlun

**„2030-kynslóðin“**  
---  
**Norræn áætlun**  
**um framkvæmd Dagskrár 2030**

*Samþykkt af samstarfsráðherrunum (MR-SAM) 5. september 2017*

# Efnisyfirlit

*Viljayfirlýsing norrænu samstarfsráðherranna*

Bakgrunnur

i. Áætlun

1. Inngangur og markmið
2. Aðgerðir á tímabilinu 2017–2020
3. Tilgangur áætlunarinnar
4. Afmörkun
5. Forgangsmál áætlunarinnar
6. Fjármögnun
7. Skipulag áætlunarinnar
8. Skýrslugjöf
9. Samskipta- og upplýsingastarf
10. Markhópar
11. Framkvæmd
12. Mat

## Viljayfirlýsing norrænu samstarfsráðherranna

Við, ráðherrar norrænnar samvinnu frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum:

- 1. Undirstrikum** að sameiginlegt viðfangsefni alþjóðasamfélagsins felst í virkri og heilhuga framfylgd heimsmarkmiðanna. Naumur tími er til stefnu og þjóðir heims hafa skamman frest til að stíga afgerandi skref í átt að sjálfbærri framtíð og skapa góð lífsskilyrði fyrir núlifandi og komandi kynslóðir. Eigi það að takast verðum við að vinna saman.
- 2. Undirstrikum** að Norræna ráðherranefndin vinnur nú þegar ötullega að framfylgd heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og að stefna hennar, „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“, er í samræmi við umrædd markmið.
- 3. Ákveðum** að ýta úr vör áætluninni „2030-kynslóðin“ með það fyrir augum að efla og hraða framfylgd heimsmarkmiðanna í norrænu samstarfi. Áætluninni er ætlað að greiða fyrir þekkingarmiðlun og samstarfi milli landanna um heimsmarkmiðin í heild sinni, einkum á sviðum þar sem þau standa frammi fyrir stórum og sameiginlegum áskorunum. Byggist áætlunin á umfangsmiklu starfi Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði sjálfbærrar þróunar.
- 4. Staðfestum** að við vinnum náið saman að því að samþætta sjálfbærni í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar sem samþykkt var í stefnunni „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“.
- 5. Leggjum áherslu á** að „2030-kynslóðin“ skapi norrænan virðisauka og samlegð með öðrum aðgerðum og verkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar, einkum verkefni forsætisráðherranna, „Nordic Solutions to Global Challenges“.
- 6. Undirstrikum** að börn og ungmenni eru boðberar breytinga og gegna úrslitahlutverki við framfylgd heimsmarkmiðanna, að unnið skuli af einurð að sjálfbærri framtíð barna og ungmenna nútímans og að þau verði kölluð til leiks enda eru þau afar mikilvægir þátttakendur í framfylgd heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun á Norðurlöndum.

## Bakgrunnur

Sameinuðu þjóðirnar samþykktu Dagskrá 2030 í september 2015 með 17 heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun og 169 undirmarkmið. Öll Norðurlöndin hafa skuldbundið sig til að hrinda dagskránni í framkvæmd, einnig heima fyrir. Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) samþykktu þann 5. september 2017 norræna samstarfsáætlun um framkvæmd Dagskrár 2030 á tímabilinu 2017–2020.

Áætlunin er byggð á kortlagningu, *Sustainable Development Action – the Nordic Way*, sem Gaia Consulting Ltd og Stockholm Environment Institute unnu á árinu 2016 að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar. Skrifstofa ráðherranefndarinnar vann áætlunina í samráði við norrænan sérfræðingahóp um sjálfbæra þróun sem skipaður er fulltrúum frá löndunum. Á vordögum 2017 fór skjalið í umsagnarferli til allra ráðherranefnda Norrænu ráðherranefndarinnar, Norðurlandaráðs og fulltrúa borgarasamfélagsins á Norðurlöndum. Áætlunin byggir á umræddri kortlagningu og umsögnum.

Hugveitan Sustainia vann greininguna *Bumps on the Road to 2030* í apríl 2017 að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar með það fyrir augum að vekja umræðu um hve langt Norðurlöndin hafa náð að hrinda öllum 17 heimsmarkmiðunum í framkvæmd. Greiningin og fyrrnefndar umsagnir eru grundvöllur tillögunnar um efnislegar áherslur þessarar áætlunar.

# I. Áætlun

## 1. Inngangur og markmið

Áætlunin „2030-kynslóðin“ er þáttur í framkvæmd Dagskrár 2030, og jafnframt áætlunar Norrænu ráðherra-nefndarinnar um sjálfbæra þróun, „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“ (2013).<sup>1</sup> Áætlunin er hugsuð sem hlekkur milli áætlunarinnar um sjálfbæra þróun og Dagskrár 2030 þar sem starfið að Dagskrá 2030 stuðlar beinlínis að gagnkvæmri framkvæmd beggja áætlana.

Áætlunin byggir á þremur víddum sem eru innbyrðis háðar hver annarri en þær eru *efnahagslega, félagslega* og *vistfræðilega víddin*. Áætlunin byggir einnig á grundvallarreglunni um að enginn skuli hafður út undan<sup>2</sup> og mannréttindum í samræmi við Dagskrá 2030. Í samræmi við norrænu áætlunina um sjálfbæra þróun er áhersla lögð á að menningin gegni mikilvægu hlutverki í norrænu samstarfi um sjálfbæra þróun.

Hvað varðar samstarfssvið Norrænu ráðherranefndarinnar á áætlunin að efla og byggja áfram á framkvæmd Dagskrár 2030 í öllum ráðherranefndum og greiða fyrir norrænu samstarfi um sjálfbæra þróun. Almenn á Norræna ráðherranefndin að vinna að Dagskrá 2030 innan ramma áætlunarinnar, en beina sjónum einkum að þeim sviðum sem huga þarf sérstaklega að á Norðurlöndum. Á tímabilinu 2017–2020 er „sjálfbær neysla og framleiðsla“ þema sem huga þarf sérstaklega að á Norðurlöndum. Í þeirri vinnu er gert ráð fyrir samstarfi þvert á geira á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Áætlunin á að tilgreina hvar hægt er að skiptast á þekkingu og reynslu á sviði sjálfbærrar þróunar, vekja áhuga tiltekinna markhópa á starfinu og taka þátt í pólitískri umræðu um framkvæmd Dagskrár 2030 á Norðurlöndum.

Áætlunin á að skapa ríkisstjórnnum landanna tækifæri til að skiptast á þekkingu og reynslu af aðferðum í öllu starfi að Dagskrá 2030, þvert á stefnur og ráðuneyti. Áætlunin á einnig eftir því sem við á að ýta undir alþjóðlegt samráð út frá reynslu Norðurlandanna af framkvæmd Dagskrár 2030. Í áætluninni er lögð sérstök áhersla á að virkja norræn ungmenni eins og titill áætlunarinnar gefur til kynna, „2030-kynslóðin“.

Samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að gildistími áætlunarinnar sé 2017–2020. Þar eð Dagskrá 2030 nær til ársins 2030 er stefnt að því að áætlunin leggi grunn að áframhaldandi starfi, einnig eftir að gildistímanum lýkur og að hægt verði að framlengja eða endurnýja hana eftir að starfshættirnir hafa verið metnir.

---

<sup>1</sup> Norræn áætlun um sjálfbæra þróun „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“.

<sup>2</sup> Grundvallarreglan „Leave No One Behind“



## 2. Aðgerðir á tímabilinu 2017–2020

Eftirfarandi þættir eru að jafnaði í öllum aðgerðum:

- ) sérstök áhersla á forgangsmálið „Sjálfbær neysla og framleiðsla“ (sjá 4. kafla);
- ) sérstök áhersla á þátttöku ungmenna;
- ) samþætting jafnréttissjónarmiða.

Eftirfarandi aðgerðir eru í áætluninni:

- 1) *Tryggja að starf Norrænu ráðherranefndarinnar eigi þátt í að hrinda Dagskrá 2030 í framkvæmd með pólitískum áherslum og viðeigandi verkefnum*
  - i. virkja allar ráðherranefndir í starfinu að Dagskrá 2030;
  - ii. efla norrænt samstarf um forgangsmál;
  - iii. leggja til greiningar á starfinu að Dagskrá 2030 á Norðurlöndum;
  - iv. flétta Dagskrá 2030 inn í viðeigandi stjórnþæki<sup>3</sup> Norrænu ráðherranefndarinnar;
  - v. flétta Dagskrá 2030 inn í fjárhags- og verkefnastjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar.
- 2) *Taka þátt í og miðla þekkingu á Dagskrá 2030 á Norðurlöndum*
  - i. auðvelda þekkingarmiðlun og þróun aðferða milli Norðurlanda í tengslum við framkvæmd Dagskrár 2030;
  - ii. eiga þátt í að vekja áhuga norrænna ungmenna á starfinu að Dagskrá 2030 á Norðurlöndum;
  - iii. eiga þátt í að vekja áhuga atvinnulífsins á starfi að Dagskrá 2030 á Norðurlöndum;
  - iv. greiða fyrir samstarfi milli stofnana og borgarasamfélagsins á Norðurlöndum um Dagskrá 2030;
  - v. taka þátt í þekkingarmiðlun milli norrænna sveitarfélaga og svæða;
- 3) *Vekja athygli á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að Dagskrá 2030 á Norðurlöndum og alþjóðlega*
  - i. vekja athygli á starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að Dagskrá 2030 á þeim samskiptamiðlum sem fyrir eru og þar sem Norræna ráðherranefndin lætur til sín taka;
  - ii. móta tillögur um nýjar samskiptaleiðir sem geta aukið sýnileika starfs Norrænu ráðherranefndarinnar að Dagskrá 2030 í heild sinni;
  - iii. vera til staðar á alþjóðlegum vettvangi eftir því sem við á og þar sem Dagskrá 2030 eða mál henni tengd eru til umfjöllunar.

## 3. Tilgangur áætlunarinnar

Þegar gildistíma áætlunarinnar lýkur (í desember 2020) er gert ráð fyrir að áætlunin hafi skilað árangri sem hér segir:

- ) Norræna ráðherranefndin sem stofnun vinni að Dagskránni í heild sinni en með áherslu á heimsmarkmið sem huga ber sérstaklega að á Norðurlöndum;
- ) allar ráðherranefndir á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar hafi tekið skref til að tryggja að starf þeirra sé í samræmi við Dagskrá 2030 og fylgi framkvæmd dagskrárinnar reglulega eftir;

<sup>3</sup> Þar á meðal viðeigandi stefnur, samstarfsáætlanir, sviðsáætlanir, handbækur, fjárveitingabréf, leiðbeiningar og sambærileg stjórnþæki.

- J) Norræna ráðherranefndin hafi átt þátt í gerð greininga eftir því sem þurfa þykir og þróun aðferða og þekkingar á framkvæmd heimsmarkmiðanna á Norðurlöndum;
- J) hinar ýmsu ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar hafi ráðist í aðgerðir eftir því sem við á og hafi með framkvæmd heimsmarkmiðanna skapað norrænan virðisauka;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi tekið þátt í að skiptast á þekkingu og vekja áhuga viðeigandi landsbundinna og norrænna aðila, stjórnmalafólks og embættismanna, norrænna fræðimanna, einka-geirans, sveitarfélaga og stofnana borgarasamfélagsins;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi ýtt úr vör starfsemi sem felur í sér sérstaka áherslu á að vekja áhuga norrænna ungmenna á starfi að Dagskrá 2030;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi ráðist í upplýsingamiðlun um Dagskrá 2030 í þeim tilgangi að vekja athygli á norrænu samstarfi og áhuga á Dagskrá 2030 á Norðurlöndum;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi greint hvernig stefnur og stjórnþæki ráðherranefndarinnar stuðla að framkvæmd Dagskrár 2030 í norrænu samstarfi og gert hugsanlegar breytingar á þeim;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi tryggt að verkefni og áætlanir sem tekið hafa gildi á öllum samstarfs sviðum eigi þátt í framfylgja heimsmarkmiðunum;
- J) Norræna ráðherranefndin hafi hrint áætluninni í framkvæmd með jafnréttissjónarmið sem rauðan þráð.

#### 4. Sjálfbær neysla og framleiðsla sem forgangsmál áætlunarinnar 2017–2020

Tilgangurinn áætlunarinnar er að stuðla að framkvæmd Dagskrár 2030 í heild sinni, en áhersla er lögð á svið þar sem Norðurlöndin þurfa að taka sig verulega á til að ná heimsmarkmiðunum. Kortlagningar, greiningar og umsagnarferli við undirbúning áætlunarinnar benda til þess að á Norðurlöndum sé sérstök þörf og áhugi á að vinna með „Sjálfbæra neyslu og framleiðslu“, en þemað tengist mörgum markmiðum Dagskrár 2030, einkum þó 12. heimsmarkmiðinu.<sup>4</sup> Umsagnir sem bárust Norrænu ráðherranefndinni á vordögum 2017 benda einnig til þess að ráðherranefndirnar séu vel í stakk búnar til að vinna að þessu málefni og búi yfir víðtækri reynslu sem hægt er að byggja á. Starf að sjálfbærri neyslu og framleiðslu er einnig í samræmi við 5. kafla í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun, „Sjálfbær nýting náttúruauðlinda“ og þá einkum markmiðið um sjálfbæra neyslu og framleiðslu.<sup>5</sup>

Samstarfsráðherrarnir hafa ákveðið að á gildistíma áætlunarinnar 2017–2020 skuli leggja sérstaka áherslu á „Sjálfbæra neyslu og framleiðslu“ og markmiðið um sjálfbæra neyslu og framleiðslu í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun. Áherslusvið norrænu áætlunarinnar þýðir að ýmsar aðgerðir við framkvæmd áætlunarinnar skuli eftir því sem við á beinast sérstaklega að því að ná þessum markmiðum á Norðurlöndum. Auk þess eigi aðgerðir sem ýtt er úr vör innan ramma áætlunarinnar að taka tillit til hnattræns eðlis markmiðanna og skulu þær svo framarlega sem unnt er stuðla að sjálfbærri þróun víðar en á Norðurlöndum. Innan ramma þemans skuli einnig hugað sérstaklega að hnattrænum verðmætakeðjum og öðrum málum sem hafa áhrif mun víðar en á Norðurlöndum.<sup>6</sup>

<sup>4</sup> Sjá greiningu ráðherranefndarinnar á því hvernig framkvæmd 12. sjálfbærnimarkmiðsins mun hafa áhrif á heimsmarkmiðin 17 í heild sinni.

<sup>5</sup> Norræna áætlunin um sjálfbæra þróun „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“, sjá bls. 25.

<sup>6</sup> Sjá greiningu ráðherranefndarinnar á því hvernig framkvæmd 12. sjálfbærnimarkmiðsins mun hafa áhrif á heimsmarkmiðin 17 í heild sinni.

Mikilvægt er að undirstrika að heimsmarkmiðin eru samofin og órjúfanleg, en það þýðir að starf að einu markmiði getur og verður í senn að eiga þátt í því að öðrum markmiðum verði náð. Starfið að sjálfbærri neyslu og framleiðslu sem fjallað er um í 12. markmiðinu á einnig við um önnur heimsmarkmið, t.a.m. 5. markmiðið (jafnrétti), 6. (vatn), 7. (sjálfbær orka), 8. (starfskjör og hagvöxtur), 13. (loftslagsmál), 14. (hafið og auðlindir þess) og 15. (vistkerfi og líffræðileg fjölbreytni). Auk þess er 17. markmiðið (efld framkvæmd og samstarf) talið til marks um hvernig starfa megi þvert á geira í norrænu samstarfi.

## 5. Afmörkun

Markmiðið eða tilgangurinn með áætluninni er ekki að samhæfa framkvæmdina í löndunum heldur að stuðla að framkvæmd Dagskrár 2030 á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin tekur heldur ekki til þróunarsamstarfs enda er sá málaflokkur ekki í verkahring Norrænu ráðherranefndarinnar.

## 6. Fjármögnun

Samstarfsráðherrarnir tóku þá grundvallarákvörðun að verja meginhluta fjárveitingarinnar til sjálfberrar þróunar (heildarramminn nemur um þremur milljónum DKK á ári) til áætlunarinnar á gildistíma hennar 2017–2020. Ef grunnfjárveiting samstarfsráðherranna til áætlunarinnar á árinu 2016 er tekin með, er gert ráð fyrir að heildarfjárveiting til starfsins muni nema um 12,9 milljónum DKK fram til ársins 2020. Sjá töflu 1.

Tafla 1.

Samanlögð fjárveiting til 2030-áætlunarinnar undir fjárlagalið 1-0460	
1.000.000 DKK	Grunnfjárveiting 2016
2.900.000 DKK	Grunnfjárveiting 2017
3.000.000 DKK	Áætlað 2018
3.000.000 DKK	Áætlað 2019
3.000.000 DKK	Áætlað 2020
12.900.000 DKK	Áætluð upphæð fyrir allt gildistímabilið (2017–2020)*
	*Fé getur borist eftir öðrum fjármögnunarleiðum Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna samstarfsnefndin / samstarfsráðherrarnir ákveða árlega hvernig fjárlagalið 1-0460 skuli ráðstafað út frá tillögu framkvæmdastjórans sem byggð er á meðmælum norræna sérfræðingahópsins um sjálfbæra þróun. Fénu skal varið í starfsemi sem tryggir framvindu áætlunarinnar í heild sinni, en fagsvið ráðherranefndarinnar geta einnig tekið þátt í fjármögnun aðgerða sem tengjast markmiðum í áætlunarinnar.

## 7. Skipulag áætlunarinnar

Áætlunin er undir stjórn norrænu samstarfsráðherranna (MR-SAM) og norrænu samstarfsnefndarinnar (NSK). Mál sem varða áherslusvið áætlunarinnar ber einnig að tengja við aðrar ráðherranefndir eftir því sem við á.

Norræni sérfræðingahópurinn um sjálfbæra þróun er stýrihópur áætlunarinnar og gerir tillögur til samstarfsnefndarinnar / samstarfsráðherranna sem taka lokaákvörðanir um verkefni og fjármögnun þeirra. Sérfræðingahópurinn fundar einu sinni eða tvisvar á ári þar sem komandi starfsrár er rætt og gerir eftir því sem tilefni gefst til tillögur til ráðherranefndarinnar um eftirfylgni áætlunarinnar. Sérfræðingahópurinn eflir hlutverk sitt sem vettvangur þekkingarmiðunar fyrir norræn stjórnvöld og miðlar þekkingu og reynslu af starfi að Dagskrá 2030 heima fyrir. Norræna samstarfsnefndin / samstarfsráðherrarnir taka ákvörðun um erindisbréf fyrir sérfræðingahópin.

Til þess að stýring áætlunarinnar verði eins sveigjanleg og þörf er á er lagt til að samstarfsráðherrarnir veiti framkvæmdastjóranum umboð til að finnstilla áætlunina ef þörf krefur. Samkvæmt núgildandi reglum er framkvæmdastjóranum heimilt að taka ákvörðun um allt að **1 milljón DKK** undir fjárlagalið **1-0460** (Sjálfbær þróun). Eins og fyrri reglur kváðu á um er eingöngu hægt að grípa til þessarar heimildar í undantekningar- tilvikum þegar bregðast þarf skjótt við, eða þegar slík ákvörðun er skýrlega í samræmi við samþykka ramma áætlunarinnar. Allar meiri háttar ákvarðanir um áætlunina (hæri upphæðir en **100 þúsund DKK**) skal bera undir sérfræðingahópinum áður en norræna samstarfsnefndin / samstarfsráðherrarnir taka formlega ákvörðun þar að lútandi.

Skrifstofa Norrænu ráðherra nefndarinnar annast rekstur áætlunarinnar. Fela má ytri umsýslustofnun umsjón með einstaka verkefnum áætlunarinnar.

Sjónarmið barna, ungmenna og jafnréttis skulu vera rauði þráðurinn í áætluninni. Í samræmi við það eru tilnefndir tveir æskulýðsfulltrúar í sérfræðingahópinum. Æskulýðsfulltrúana tilnefnir norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) að beiðni samstarfsnefndarinnar (NSK).

Gæði áætlunarinnar verða tryggð með rannsóknum sem felast í því að einn eða fleiri fræðimenn fylgjast stöðugt með framvindu áætlunarinnar og afhenda sérfræðingahópnum tillögur um áframhaldandi starf. Sá aðili sem sér um þessar rannsóknir á einnig að fylgjast með því að sjónarmiða barna, ungmenna og jafnréttis sé gætt í áætluninni.

## 8. Skýrslugjöf

Ráðherra nefndin gefur samstarfsráðherrunum árlega skýrslu um framvindu áætlunarinnar. Fyrir birtingu skýrslunnar eru samstarfssvið ráðherra nefndarinnar beðin um að gera grein fyrir starfi viðkomandi geira að sjálfbærri þróun, þar á meðal hvernig þau hafa hvert og eitt lagt sitt af mörkum við að framfylgja Dagskrá **2030** og norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun. Skýrslan kemur í stað árlegrar skýrslu um sjálfbæra þróun. Annað hvert ár er skýrsla einnig lögð fyrir Norðurlandaráð og verður sú fyrsta lögð fram árið **2018** og aftur árið **2020**.

## 9. Samskipta- og upplýsingastarf

Samskipti og upplýsingastarf eru í forgangi í áætluninni og er markmiðið með mörgum aðgerðum hennar að vekja áhuga, hvetja og virkja ólíka markhópa til að starfa að framkvæmd Dagskrár **2030** á Norðurlöndum.

Um **10%** fjárveitingar áætlunarinnar er ráðstafað til samskipta- og upplýsingastarfs. Sérleg samskiptaáætlun verður samin fyrir áætlunina í heild sinni. Samskiptaáætlunin á að styðjast við núverandi samskipta- og upplýsingastarf í norrænu samstarfi, en jafnframt þróa nýjar og frumlegar samskiptaleiðir sem vekja áhuga hjá norrænum almenningi.

Almenn markmið um samskipti og upplýsingamiðlun verða svohljóðandi:

1. vekja áhuga norræns almennings, einkum ungmenna og vekja athygli þeirra á tækifærum til að taka þátt í sjálfbærri þróun;
2. taka þátt í pólitískri umræðu um framkvæmd Dagskrár **2030** á Norðurlöndum;
3. vekja athygli á Norðurlöndum sem leiðandi afli á sviði sjálfbærrar þróunar þar sem stöðugt er unnið að enn meiri sjálfbærni;
4. vekja athygli á norrænum sjálfbærnilausnum og starfi Norrænu ráðherra nefndarinnar (innan og utan Norðurlanda).

Sérstök áhersla verði lögð á **1.** og **2.** markmið samskipta- og upplýsingastarfsins.

#### **10. Markhópar**

Áætluninni er í heild sinni ætlað að ná til allra starfssviða Norrænu ráðherranefndarinnar. Gert er ráð fyrir að allar ráðherranefndir og embættismannanefndir, stofnanir og hópar á þeirra vegum taki þátt í starfi að Dagskrá **2030** hver á sínu sviði. Auk þess taki sum sviðin þátt í starfi að forgangsmálum áætlunarinnar.

Fyrir utan formlega ramma Norrænu ráðherranefndarinnar á áætlunin að ná til þeirra sem vinna landsbundið að framkvæmd Dagskrár **2030** á Norðurlöndum, hjá norrænum stjórnvöldum, sveitarfélögum, rannsóknarstofnunum eða borgarasamfélaginu. Áætlunin á að ná til umræddra hópa og gefa þeim kost á að miðla þekkingu og reynslu en einnig að taka þátt í sameiginlegum verkefnum. Gert er ráð fyrir að norrænt atvinnulíf láti að sér kveða ekki síst á forgangssviðum áætlunarinnar.

Börn og ungmenni á Norðurlöndum eru mikilvægur markhópur áætlunarinnar og vekja þarf áhuga þeirra og virkja þau til þátttöku í starfi að Dagskrá **2030**.

#### **11. Framkvæmd**

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) samþykktu áætlunina þann **5. september 2017**. Þegar búið var að samþykka hana var ráðist í að undirbúa innihald þeirra aðgerða sem lagðar eru til í áætluninni og umsýslu með þeim. Smávægilegar breytingar geta orðið eftir afgreiðslu Norðurlandaráðs í nóvember **2017**. Áætlunin gildir til ársloka **2020**.

#### **12. Mat**

Vorið **2019**, þegar gildistíminn er hálfnaður, verður gerð úttekt á hvort þörf sé á breytingum á áætluninni áður en rætt verður um mögulegt framhald áætlunarinnar eftir **2020**. Endanleg úttekt verður gerð þegar gildistíma áætlunarinnar lýkur.